

Enn um jarðskjálfta.

Eftir síðustu fregnunum virðast miklar likur til, að jarðskjálftarnir séu sama eðlis nú og 1896; ofantil í Eystrihrepp, þar sem hræringarnar eru sagðar miklar, eru sprungur í jörðu, sem einkum ber mikið á nokkru fyrir framan Ásólfstaði og stefna nokkurn veginn á Heklu. Hræringarnar gera oss viðvart um, að Suðurlandsundirlendið er í smiðum ennþá, en það hefir mest orðið af sprungum og landsigi, og þá auðvitað miklir landskjálftar um leið. Ýmsar nýjar athuganir sýna, að suðurlandsundirlendið er miklu yngra en talið er í ritum Þorvaldar Thoroddsens; mest hefir kveðið að myndun þess þegar slotað hefir á gosöldunum og jörðin kólnaði niður, enda færðust þá stundum jöklar yfir landið, að því er rannsóknir síðustu ára benda til; er mjög merkilegt og þýðingarmikið fyrir vísindin að sjá hvernig breytingar á loftslagi verða þegar djúpeldarnir auk-

ast eða dvína. Nokkuð af Heklu og undirfjöllum hennar er frá síðasta stórgosatímabilinu, að því er eg hefi næst komist; mjög stórt eldfjall frá þeim tíma heitir Vatnafjöll og er ekki langt austur af Heklu; get eg þessa til fróðleiks fyrir einhverja, sem kunna að ganga upp á Heklu, og þarf liklega ekki jarðfræðinga til að sjá, að Vatnafjöllin eru eldfjall, ennþá meira um sig en Hekla, þegar einusinni hefir verið þá það bent; en ekki hefir þess verið getið í ritum eða á landsuppráttum, að svo sé.

Ekki er óhugsandi, að jarðskjálftar þessir kunni að flýta fyrir gosum, á Heklusvæðinu eða austar, og má sjálfsagt búast við gosum enn, þó að yfirleitt hafi verið að draga niður í eldfjöllunum og jöklarnir að minka nú um hrið.

Helgi Pjeturss.